

Verkefnisstjórn rammaáætlunar
Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 1
IS-101 Reykjavík

Reykjavík, 16. mars 2014

Efni: Athugasemdir vegna tillögu verkefnastjórnar 3. áfanga áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun) um að færa Hvammsvirkjun úr biðflokki í nýtingarflokk vegna tillögu að flokkun virkjunakosta þriðja áfanga.

Stjórn Náttúruverndarsamtaka Suðurlands (NSS) gerir athugasemdir við tillögu verkefnastjórnar 3. áfanga rammaáætlunar um að færa „Hvammsvirkjun“, úr biðflokki í nýtingarflokk.

Á meðal forsenda fyrir flokkuninni er 11 ára gömul matsskýrslu¹ en í lögum um mat á umhverfisáhrifum stendur²:

Ef framkvæmdir hefjast ekki innan tíu ára frá því að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir skal viðkomandi leyfisveitandi óska ákvörðunar Skipulagsstofnunar um hvort endurskoða þurfi að hluta eða í heild matsskýrslu framkvæmdaraðila áður en leyfi til framkvæmda er veitt.

Matsskýrslan sem liggur til grundvallar tekur til að mynda ekki fyrir gróður og annað líffríki í Viðey (Minnanúpshólma) í Þjórsá. Gróður var rannsakaður þar 2009³ sem hluti af námsverkefni en annað líffríki hefur ekki kannað sérstaklega. Það sem m.a. kom fram í rannsókninni var að gróður var mjög frábrugðinn gróðri á bökkum Þjórsár, gróskulegur birkiskógur er í eygni og fundust tvær háplöntutegundir sem teljast sjaldgæfar á landsvísu. Gert er ráð fyrir að rennsli meðfram eygni kunni að fara úr 330 m³/sek meðalrennsli niður í allt að 10 m³/sek¹. Stíflun áa fylgja miklar breytingar, bæði eðlisfræðilegar og líffræðilegar breytingar á vatni og líffríki í og við árfarveginn⁴.

Áætluð stærð Hagalóns er 485 ha sem hefði í för með sér eyðileggingu á jarðvegi og gróðri á um 170 ha lands, þar af 2,1 ha birkiþjarr sem er ekki algengt á svæðinu og 6 ha votlendis. Að auki kæmu 8 ha lands til með að raskast vegna frárennslisskurðar. Um 80 ha gróins lands færu undir haugstæði og þar af 14 ha votlendis. Talið er að um 200 mófuglapör missi varplönd sín til framtíðar og einnig myndi gæsavarp í Hagaey skerðast verulega⁵. Votlendi hafa mikið vistfræðilegt gildi. Þau eru mikilvæg búsvæði fugla og plantna og margar tegundir byggja tilvist sína á því. Votlendi auka því verulega líffræðilega fjölbreytni viðkomandi svæðis^{6,7}. Þekkt er að lón hafa margvíslegar breytingar á umhverfinu í för með sér^{8,9,10}. Þeim fylgja ýmis rof og sandfok af strandsvæðum sem geta valdið gróðurbreytingum sem og gróður- og jarðvegseyðingu^{9,10}.

Niðurstöður faghóps¹¹ bera með sér að líkur kunni að vera á að á síðari stigum verði virkjað neðar í ánni fáist ráðið úr óvissuþáttum sem einkum lúta að búsvæðum og gönguleiðum laxa. Bygging virkjana við Holt og Urriðafoss sé háð því að fyrst sé ráðist í Hvammsvirkjun. Stjórn NSS harmar þá gjörnýtingarstefnu sem þar birtist.

Stjórn NSS telur mikilvægt að áður en svo afdrifaríkar ákvarðanir séu teknar að farið verði í heildarendurskoðun á mati á umhverfisáhrifum og m.a. verði framkvæmdar ítarlegri rannsóknir á lífríki Þjórsár, eyja og bakkasvæða á áhrifasvæði fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar. Virkjanaframkvæmdum, svo sem stíflum með breyttu rennsli ofan og neðan stíflna, stöðnun vatna í lónum og frárennslisskurðum fylgja gríðarlegar breytingar á eðlisfræði vatna og lífríki svæða í heild. Stjórn NSS ítrekar að ekki liggi nógu ítarlegar rannsóknir til grundvallar þessum kosti og hvetur eindregið til að Hvammsvirkjun verði áfram í biðflokki þar til þeirra verði aflað.

Stjórn Náttúruverndarsamtaka Suðurlands

Anna S. Valdimarsdóttir
Bergur Sigurðsson
Elín Guðmundsdóttir
Gunnar Á. Gunnarsson
Ólafía Jakobsdóttir

¹ Sigmundur Einarsson, Ólafur A. Jónsson og Áki Ó. Thoroddsen (2003). Virkjun Þjórsár við Núp allt að 150 MW og breyting á Búrfellslínu. Mat á umhverfisáhrifum. Matskýrsla unnin fyrir Landsvirkjun, Reykjavík. 191 bls.

² Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000

³ Anna Sigríður Valdimarsdóttir og Sigurður H. Magnússon (2013). Gróður í Viðey í Þjórsá. Áhrif beitarfriðunar. Náttúrufræðingurinn 83 (1-2), bls. 49-60

⁴ Giller, P.S & Malmqvist, B (2008). The Biology of Streams and Rivers. Oxford University Press.

⁵ Kristbjörn Egilsson, Guðmundur A. Guðmundsson, Guðmundur Guðjónsson, Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir og Starri Heiðmarsson. Gróður og fuglar á áhrifasvæði fyrirhugðrar virkjunar í Þjórsá við Núp. Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík. 61 bls.

⁶ Sótt á vef: <http://www.rala.is/votlendi/>

⁷ Jón S. Ólafsson (ristj.) (1998). Íslensk votlendi - verndun og nýting. Háskólaútgáfan.

⁸ Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Þröstur Þorsteinsson, Borgþór Magnússon og Guðrún Gísladóttir. Landbrót og mótun strandar við Blöndulón. Náttúrufræðingurinn 81 (1), bls. 17-30, 2011.

⁹ Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Borgþór Magnússon, Guðrún Gísladóttir og Sigurður H. Magnússon (2009). Áhrif sandfoks á mólendisgróður við Blöndulón. Náttúrufræðingurinn 78 (3-4), bls. 125-137.

¹⁰ Hill, N.M, Keddy, P.A & Wisheu, I.C (1998). A Hydrological Model for Predicting the Effects of Dams on the Shoreline Vegetation of Lakes and Reservoirs. Environmental Management 22 (5), bls 723-736.

¹¹ Niðurstæða faghóps, sótt á vef: http://www.rammaaetlun.is/media/gogn/Nidurstada_faghops_04nov2013.pdf